

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 17. desember 2024 í máli nr. 168/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 27. nóvember 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að skipta um glugga og lista á svalahurð í íbúð sóknaraðila.

### II

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Kærunefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem fellur ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í 1. mgr. 16. gr. segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kærunefndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi. Með þjónustusamningi er átt við samning þar sem seljandi veitir neytanda þjónustu eða skuldbindur sig til þess og neytandinn greiðir eða skuldbindur sig til að greiða verð hennar, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2019. Í máli þessu liggur fyrir að varnaraðili og húsfélagið [...] gerðu með sér samning um verk sem fól í sér viðhaldsframkvæmdir á fasteign og skipti á gluggum. Samkvæmt gögnum málsins greiddi sóknaraðili samtals 2.953.988 krónur í fjórum greiðslum til húsfélagsins. Rekja má ágreining málsins til þjónustusamnings milli varnaraðila og húsfélagsins [...]. Þar af leiðandi er ekki um að ræða þjónustusamning á milli sóknaraðila og varnaraðila í skilningi laga nr. 81/2019 og er sóknaraðili því ekki réttur aðili að þessu máli. Ágreiningur máls þessa heyrir samkvæmt framangreindu ekki undir valdsvið kærunefndar vöru- og þjónustukaupa. Kvörtun sóknaraðila er því vísað frá kærunefndinni samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laganna.

**III**  
**Úrskurðarorð**

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson